

## Para saman form á vegg (fyrir þau yngstu)

sjá myndir hér fyrir neðan

### Efni:

- form í mismunandi litum, tvö af hverju (hér gert hringur, ferningur og þríhyrningur 15x15 cm. og gert gult, rautt, grænt og blátt)
- bókaplast
- franskur rennilás, bæði sem grípur og festir
- plöstanarvél og plast í hana

### Aðferð:

- teikna upp formin eða gera í tölvu. Klippa til og festa eitt eintak af hverju með bókaplasti á vegg eða hurð í hæð yngstu barnanna
- franskur rennilás settur í miðjuna á hverju formi
- hinn helmingurinn af formunum er settur í plast, rennt í gegnum plöstanarvélinu og klipptur til. Hinn hluti franska rennilássins (sem festist við þann sem kominn er) límdur aftan á hvert form

### Leikurinn:

- Lausu formin höfð á gólfi og börnin para þau saman við þau sem eru á veggnum/hurðinni

### Ath:

- Það er mjög gaman að fylgjast með því hvernig þessi leikur þróast hjá krökkunum. Í flestum tilfellum byrja þau á því að setja form á form óháð því hvort það passi saman eða ekki. Eftir smátíma átta þau sig á að formin eru mismunandi að lögun og para þá gjarnan rétt form óháð lit. Að lokum fara þau að para saman rétt form og réttan lit. Þetta er mjög algengt að sjá hjá þeim yngstu. Það má svo að sjálfsgöðu bæta við litum og jafnvel formum en yngstu börnin í Nóaborg eru eingöngu að leika með þessi þrjú form.

